

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir, formaður
Alþingi v/Austurvöll

Alþingi
Erindi nr. Þ 120 / 1636
komudagur 22/4 1996

Efni: Umsögn um frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur 415. mál.

Bandalag háskólamanna sendir félagsmálanefnd umsögn um frumvarpið sem Félag háskólakennara stendur að.

Félag háskólakennara leggur áherslu á að frumvarpið verði dregið til baka og unnið að nauðsynlegum breytingum á lögnum í samvinnu og sátt við stéttarfélögin í landinu.

Á almennum fundi í Félagi háskólakennara var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Almennur fundur í Félagi háskólakennara haldinn 26. mars 1996 krefst þess að ríkisstjórnin dragi þegar í stað til baka frumvörpin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur sem fela í sér mikla skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. Kjarasamningar opinberra starfsmanna hafa um langan tíma tekið mið af þessum réttindum og væri það því ígildi uppsagnar á kjarasamningi af hálfu ríkisins ef frumvörpin ná fram að ganga.

Fundurinn mótmælir harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og þeirri lítilsvirðingu sem starfsmönnum ríkisins er sýnd með frumvörpunum.

Frumvarpið er í andstöðu við samþykktir 87. og 98. Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar í veigamiklum atriðum. Það felur í sér afskipti af
stofnun og gerð stéttarfélaga, afskipti af innri málefnum þeirra og mun
leiða til aukinnar miðstýringar á vinnumarkaði ef að lögum verður. Stjórn
Félags háskólakennara getur ekki fallist á slíkt.

Stjórn Félags háskólakennara leggur til að frumvarpið verði þegar í
stað dregið til baka.

Reykjavík 17. apríl 1996

F.h. stjórnar Félags háskólakennara



Guðvarður Már Gunnlaugsson